



(n=1031)

55 %

45 %

■ Tóku afstöðu ■ Tóku ekki afstöðu

# Er eitthvað annað í tengslum við Reykjavík eða rekstur hennar í þínu hverfi sem þú vilt koma á framfæri?





## ***Minnisblað - Kannanir Gallups á þjónustu sveitarfélaga***

Reykjavíkurborg var boðið að kaupa niðurstöður könnunar Gallups á þjónustu sveitarfélaga árið 2015 líkt og fyrri ár. Gallup var ekki reiðubúið til að skoða breytingar á fyrirkomulagi könnunarinnar á þann hátt að hún myndi nýtast Reykjavíkurborg betur til úrvinnslu og úrbóta á þjónustu sinni. Ákvörðun var því tekin um að kaupa ekki niðurstöður könnunarinnar. Hún hefur því ekki verið kynnt fyrir kjörnum fulltrúum eða starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Sveitarfélögum sem kaupa niðurstöður könnunarinnar er ekki heimilt að birta niðurstöður einstakra annarra sveitarfélaga, aðeins landsmeðaltals. Niðurstöður fyrir Reykjavíkurborg eru því hvergi birtar opinberlega og ekki fáanlegar án greiðslu til Gallups.

Árleg könnun Gallups, áður Capacent, meðal íbúa á þjónustu sveitarfélaga hefur komið til umræðu meðal kjörinna fulltrúa og innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar á hverju ári. Efasemdir hafa ítrekað komið fram um gagnsemi könnunarinnar og hvort hún gefi réttustu mynd af þjónustu borgarinnar. Er það ekki síst vegna þess að nokkurt ósamræmi hefur verið milli þjónustukannana Gallups og eigin þjónustukannana fagsviða enda hefur í könnunum Gallups verið spurt um afstöðu borgarbúa til ýmiss konar þjónustu óháð því hvort þeir hafi nýtt sér hana. Síðastliðið haust voru sviðsstjórar spurðir hvernig könnunin hafi nýst þeim og var niðurstaðan að af þeim sem svöruðu þá hafi könnunin aðeins nýst einum af sex. Menningar- og ferðamálasvið taldi könnunina gagnlega og nýtir upplýsingar úr henni. Í svörum frá íþrótt- og tómstundasviði, velferðarsviði, skóla- og frístundasviði, skrifstofu þjónustu- og reksturs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar kom m.a. fram að ekki sé verið að spyrja eingöngu notendur þjónustunnar heldur alla borgarbúa og könnunin væri því frekar ímyndarkönnun en raunveruleg þjónustukönnun, úrtak væri lítið, könnunin væri gagnslítill og henni mætti sleppa. Flest sviðanna eru með eigin kannanir eða mælingar sem nýtast þeim betur.

Í könnunum Gallups er jafnframt spurt almennt um þjónustuþætti en ekki um einstaka stofnanir eða skóla en gera má ráð fyrir því að nokkur munur geti verið á einkunn eftir því hvort spurt er um ákveðna stofnun og skóla eða spurt almennt um þjónustu í Reykjavík. Þá hefur verið töluverður munur á niðurstöðum Gallups fyrir sveitarfélög um þjónustu leik- og grunnskóla og á niðurstöðum viðhorfskannana sem lagðar eru fyrir foreldra sérstaklega, bæði könnunum skóla- og frístundasviðs og á vegum Skólapúlsins sem hefur lagt fyrir foreldra grunnskólabarna og grunnskólabörn í 6.-10.bekk. Fyrst má benda á að mikill munur er á afstöðu svarenda í Gallup könnuninni eftir því hvort þeir eiga barn sem nýtir þjónustuna eða ekki, skv. töflunni hér fyrir neðan. Samt sem áður munar töluverðu og á niðurstöðum kannana SFS. Mögulegar ástæður eru raktar í meðfylgjandi minnisblaði skóla- og frístundasviðs. Mat SFS er að eigin kannanir sviðsins meðal foreldra gefi mun betri mynd af viðhorfi þeirra til starfs í einstökum skólum en könnun Gallups.

	Gallup 2014		Viðhorfskannanir SFS 2013-2014
Ánægja	Heildarniðurstaða	Eiga börn í þjónustu	Eiga börn í þjónustu
Leikskólar	58%	76%	93%
Grunnskólar	51%	67%	89%*

\*Fjórskiptur kvarði sbr. við fimmskiptan kvarða í öllum öðrum könnunum. Framkvæmt á vegum Skólapúlsins.

Af ofangreindum ástæðum var ákveðið að kaupa ekki eingöngu niðurstöður þjónustukönnunar Gallups árið 2014. Gallup var einnig fengið til að spyrja um afstöðu borgarbúa til þjónustu borgarinnar í því hverfi sem þeir búa í. Niðurstöður og samanburð má sjá í eftirfarandi töflu:

Sveitarfélagakönnun 2014	Spurt um afstöðu til þjónustu í hverfi (meðaltal hverfa)*	Spurt um afstöðu til þjónustu í RVK sem heild**	Meðaltöl sveitarfélaga á Ísli.**
Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þitt hverfi sem stað til að búa á?	4,4	4	4,2
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með skipulagsmál almennit í þínu hverfi?	3,3	2,8	3,2
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með gæði umhverfisins í nágrenni við heimili þitt?	3,6	3,5	3,8
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu Reykjavíkurborgar við barnafjölskyldur í þínu hverfi?	3,5	3,2	3,6
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu grunnskóla Reykjavíkurborgar í þínu hverfi?	3,8	3,4	3,8
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu leikskóla Reykjavíkurborgar í þínu hverfi?	3,9	3,5	3,9
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðstöðu til íþróttaiðkunar í þínu hverfi?	3,6	3,7	4
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu Reykjavíkurborgar við eldri borgara í þínu hverfi?	3,3	2,8	3,5
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu Reykjavíkurborgar við fatlað fólk í þínu hverfi?	3,2	2,7	3,3
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með hvernig Reykjavíkurborg sinnir menningarmálum í þínu hverfi?	3,3	3,6	3,7
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu Reykjavíkurborgar í tengslum við sorphirðu í þínu hverfi?	3,7	3,5	3,7
Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu Reykjavíkurborgar í þínu hverfi á heildina litið, bæði út frá reynslu þinni og álit?	3,5	3,4	3,8
*Hér er spurt um afstöðu til þjónustu/mála-fólka í tilteknu hverfi í Reykjavík, 1031 svar Reykvíkinga 18 ára og eldri. 61% svarhlutfall.	3,6	3,3	3,7
**Hér er spurt um afstöðu til þjónustu í öllu sveitarfélaginu. 984 svör Reykvíkinga 18 ára og eldri. 60% svarhlutfall.			

Þegar spurt var um afstöðu borgarbúa til þjónustu í allri Reykjavíkurborg óháð hverfum fékk borgin heildareinkunina 3,3 á meðan meðaltal sveitarfélaga sem spurt var um var 3,7. Munurinn þar á er 0,4 stig. En þegar spurt var um afstöðu borgarbúa til þjónustu í því hverfi sem þeir bjuggu í var meðaltal hverfa 3,6, aðeins 0,1 stigi lægra en landsmeðaltal. Einnig er áhugavert að skoða niðurstöður fyrir spurninguna „Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þitt hverfi sem stað til að búa?“ en þar var einkunn borgarinnar 4,4, hærri en meðaltal sveitarfélaga á Íslandi þegar spurt var um heildaránægju með viðkomandi sveitarfélag þar sem einkunin var 4,2.

Í október sl. áttu sér stað viðræður við Gallup um breytingar á fyrirkomulagi könnunarinnar á þann hátt að hún myndi nýtast Reykjavíkurborg betur til úrvinnslu og úrbóta á þjónustu sinni, fyrst og fremst með því að spyrja um viðhorf til þjónustu í hverfum borgarinnar og horfa til notenda þjónustunnar. Ljóst er að lítið úrtak í könnun Gallups gerir niðurstöður fyrir einstök hverfi óáreiðanlegri en ef úrtakið væri stækkað og aukinn fjöldi borgarbúa yrðu spurðir um afstöðu til þjónustu í eigin hverfi. Viðræður við Gallup um breytingar á könnuninni báru ekki árangur og var því ákveðið að kaupa ekki niðurstöður þjónustukönnunar Gallups árið 2015 enda vart réttlætjanlegt að verja fjármunum í könnun sem fáir telja nýtanlega til úrbóta á þjónustu.

Almennt hefur verið umræða um það innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar að gagnlegt væri að unnin yrði könnun sem tæki betur mið af þörfum borgarinnar. Notendur þjónustunnar væru spurðir um þjónustu í því hverfi sem þeir búa í og úrtaksstærð væri í samræmi við að nýta ætti könnunina til að rýna og bæta þjónustu í hverfum borgarinnar.





## Minnisblað

**Til:** Starfshóps Reykjavíkurborgar um þjónustukannanir borgarinnar

**Frá:** Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands/Sjöfn Vilhelmsdóttir forstöðumaður

**Dagst.:** 25. október 2016

**Efni:** Álitamál í tengslum við ánægjumælingar á þjónustu sveitarfélaga

---

Þetta minnisblað er tekið saman að beiðni starfshóps Reykjavíkurborgar um þjónustukannanir borgarinnar og fjallar um álitamál í tengslum við ánægjumælingar á þjónustu sveitarfélaga. Hér er fjallað um mæliaðferð sem byggja á því að spyrja íbúa, eða notendur þjónustu, í spurningakönnun (oft kallað þjónustukönnun) um ánægju þeirra með þjónustu sveitarfélagsins.

Ánægjumælingar byggðar á viðhorfskönnunum hafa verið mikið notaðar víða um hin vestræna heim til að leggja mat á árangur við framkvæmd nærþjónustu sveitarfélaga. Forsendur þessarar mæliaðferðar eru þær að aukin gæði og umfang þjónustunnar eykur ánægju íbúana með þjónustuveituna, sem síðan endurspeglast í svörum íbúana í þjónustukönnunum. En þrátt fyrir vinsældir þá hafa fræðimenn ekki verið á eitt sáttir um ágæti ánægjumælinga til að meta gæði opinberrar þjónustu. Bæði hefur verið bent á aðferðafræðileg álitamál við aðferðina og að ýmsir aðrir þættir, en sem hafa að gera með gæði og umfang þjónustunnar, geta haft áhrif á mat og ánægju íbúa með þjónustu síns sveitarfélags. Því verður alltaf að skoða niðurstöður slíkra þjónustukannana og ánægjumælinga í samhengi við þá þætti sem kunna að hafa áhrif á mat íbúana.

Hér á landi hefur Capacent/Gallup framkvæmt árlega þjónustukönnun sveitarfélaga þar sem íbúar í fjölmennustu sveitarfélögum landsins eru spurðir út í viðhorf og ánægju sína með þjónustu og störf síns sveitarfélags. Sveitarfélögunum er síðan boðið að kaupa niðurstöðurnar fyrir sitt sveitarfélag og geta þau borið niðurstöður síns sveitarfélags saman við meðaltalsgildi fyrir öll sveitarfélögin. Einnig var ánægja íbúa með þjónustu sveitarfélaga skoðuð í tveimur sveitarstjórnarkönnunum dr. Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors í Stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, fyrst árið 2000 og síðan aftur árið 2009.

Fjallað hefur verið um álitamál varðandi ánægjumælingar í skrifum um íslensk sveitarstjórnarmál. Gunnar Helgi Kristinsson hefur í skrifum sínum rýnt í ánægjumælingar meðal íbúa í tengslum við mat á árangri sveitarfélaga og trausti íbúa á sveitarfélagi sínu.<sup>1</sup> Lilja Sigurbjörg Harðardóttir, starfsmaður hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, fjallar um þjónustu sveitarfélaga og ánægjumælingar í lokaritgerð sinni í MPA námi í opinberri stjórnsýslu, en þar leitast hún við að skýra mun á ánægju íbúa í úthverfum og miðlægari hverfum með þjónustu borgarinnar.<sup>2</sup> Í fræðilega hluta ritgerðarinnar er yfirlit yfir helstu fræðilegu álitamálin varðandi ánægjumælingar og þjónustukannanir sem mælikvarða á gæði og árangur við framkvæmd opinberrar þjónustu.

Helstu álitamálin sem koma fram í fræðiskrifum um ánægjumælingar á þjónustu sveitarfélaga, og einnig er fjallað um í skrifum Gunnars Helga og ritgerð Lilju Sigurbjargar, eru:

1. Hugmyndin með þjónustukannanir er fengin úr viðskipta- og markaðsfræðum sem aðferð til að mæla ánægju viðskiptavina með vöru eða þjónustu. Það er hins vegar almennt viðurkennt að samband sveitarfélaga og íbúa er með allt öðrum hætti en milli einkafyrirtækja og viðskiptavina í markaðsumhverfi. Íbúar sveitarfélaga eru bæði í hlutverki neytenda þjónustu

---

<sup>1</sup> Gunnar Helgi Kristinsson (2001). *Staðbundin stjórnmál: Markmið og árangur sveitarfélaga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan; Gunnar Helgi Kristinsson (2014). *Hin mörgu andlit lýðræðisins: Þátttaka og vald á sveitarstjórnarstiginu*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

<sup>2</sup> Lilja Sigurbjörg Harðardóttir (2016). *Þjónusta sveitarfélaga og ánægjumælingar. Hvað skýrir ánægjumun íbúa í úthverfum og miðlægari hverfum með þjónustu Reykjavíkurborgar?* Óbirt MPA-ritgerð. Reykjavík, Háskóli Íslands, Stjórnmálafræðideild.

sveitarfélagsins og í hlutverki kjósenda, sem gerir sambandið mun flóknara en milli aðila í markaðsumhverfi. Íbúar geta átt erfiðara með að meta þjónustu sveitarfélagsins með hlutlausum hætti en viðskiptavinir fyrirtækja. Þar spila margvísleg tengsl íbúa við sveitarfélagið inn í mat þeirra, sem og þekking þeirra á þjónustupáttum og að notkun þeirra á þjónustunni getur verið mjög breytileg.

2. Mikilvægt er að gera greinamun á notendum þjónustunnar og íbúum í þjónustukönnunum og ánægjumælingum. Kannanir sem mæla almenna ánægju íbúa með þjónustu sveitarfélagsins án þess að skoða sérstaklega hvort viðkomandi hefur nýtt sér þjónustuna eða ekki, eða með því að spyrja mjög opinna spurninga, gefa óljósari niðurstöður en þegar einungis notendur þjónustu eru spurðir (þ.e. notendakannanir).
3. Almennar ánægjumælingar á þjónustu sveitarfélaga eiga til að endurspeglar frekar viðhorf íbúana en mat á gæði þjónustunnar. Þættir sem þarf að skoða í því samhengi eru:
  - a. Viðhorf íbúa til sveitarstjórnar. Íbúar sem styðja meirihlutann í sveitarstjórn eru almennt jákvæðari gagnvart sveitarfélagi sínu, ánægðari með þjónustu þess og segjast frekar treysta sveitarfélagi sínu, en þeir sem ekki lýsa yfir stuðningi við pólitíska meirihlutann í sínu sveitarfélagi. Rannsóknir Gunnars Helga og Lilju Sigurbjargar styðja við þessa tilgátu.
  - b. Efnahags- og félagslegur bakgrunnur íbúa. Bent hefur verið á að þættir eins kyn, aldur, menntun, tekjur og félagsleg staða hafi mikil áhrif á viðhorf fólks, bæði almennt sem og á viðhorf þeirra til opinberra aðila og þjónustu. Skoðunarmunur á þjónustu sveitarfélagsins meðal íbúa getur því byggst á félags- og efnahagslegri stöðu þeirra frekar en eiginlegri ánægju með þjónustuna. Vert er að hafa þessa þætti í huga í stærri sveitarfélögum þar sem búseta í hverfum endurspeglar að einhverju leiti félags- og efnahagsstöðu íbúana, sem getur síðan komið fram í breytileika milli hverfa í niðurstöðum ánægjumælinga.
4. Stærð sveitarfélagsins. Í minni sveitarfélögum upplifa íbúarnir sterkari tengsl við sveitarfélagið, þeim finnst þeir nákomnari sveitarfélagi sínu og líta því jákvæðari augum á viðleiti þess til að veita þjónustu en má búast við af íbúum í fjölmennari sveitarfélögum. Félagsleg virkni íbúa er oft meiri í fámennari sveitarfélögum og tengsl þeirra við sveitarfélagið og samfélagsins þar því oft meiri. Einnig er talið að einfaldari stjórnsýsla og styttri boðleiðir í ákvörðunartöku í minni sveitarfélögum ýti undir almenna ánægju íbúana, jafnvel þó að þjónustustigið þar geti verið mun lægra en hjá stærri sveitarfélögum.
5. Íbúasamsetning sveitarfélagsins. Ætla má að meiri félagsleg einsleitni í íbúasamsetningu tryggi meiri samhljóm meðal íbúa hvað varðar þjónustuparfir og væntingar til sveitarfélagsins. Það er því meiri áskorun fyrir fjölmennari sveitarfélög með meiri félagslegan breytileika að koma til móts við þarfir og væntingar íbúana, en fyrir minni og einsleitari sveitarfélög.
6. Samspil fjölmiðlaumræðu, væntinga og ánægju. Rannsóknir hafa sýnt að fólk hefur oft fyrirfram ákveðnar skoðanir á vöru og þjónustu, og á það líka við þjónustu opinberra aðila. Þar spila væntingar íbúa til þjónustu sveitarfélagsins stóran þátt, en þessar væntingar byggjast ekki endilega á reynslu af þjónustunni eða eiginlegu mati á gæðum hennar. Bent hefur verið á að fjölmiðlaumræða getur bjagað mjög mat fólks sem ekki hefur persónulega reynslu af frammistöðu stofnana. Neikvæð umræða í fjölmiðlum um þjónustu opinberra aðila, eða um burði þeirra til að veita þjónustu getur því dregið úr væntingum íbúa til þjónustunnar, og þar með ánægju þeirra með þjónustuna.

Að auki eru aðferðafræðileg álitamál sem þarf að huga að, bæði hvað varðar úttaksstærð og úttakssamsetningu. Til að geta greint niðurstöður ánægjumælinga út frá þeim áhrifaþáttum sem hér hafa verið nefndir, hvort viðkomandi er einnig notandi þjónustu, bakgrunnsbreyta eða pólitískra viðhorfa, krefst ákveðnar úrtaksstærðar. Einnig þarf að passa upp á að samsetningin í úttakinu endurspegli þýðið vel og nái til allra íbúahópa sveitarfélagsins, t.d. íbúa af erlendum uppruna.

En burtséð frá því hvort ánægjumælingar eru góður mælikvarði á frammistöðu stofnana eða sveitarfélaga er mikilvægt að líta ekki framhjá þeirri staðreynd að þær gefa vísbendingar um upplifun íbúana, hversu bjagaðar sem þær kunna að vera. Ef upplifun íbúa er að þjónustuaðilar komi ekki til móts við óskir þeirra, gæti ekki sanngirni eða nái litlum árangri er það vandamál fyrir sveitarfélag, hvort sem matið er raunhæft og byggt á góðum upplýsingum eða ekki. Fyrir sveitarfélögin eru ánægðir íbúar, að öðru jöfnu, mun líklegri til að vinna með sveitarfélaginu á uppbyggilegan hátt en óánægðir.

## Minnisblað

**Til:** Starfshóps Reykjavíkurborgar um þjónustukannanir borgarinnar

**Frá:** Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands/Sjöfn Vilhelmsdóttir forstöðumaður

**Dagst.:** 3. nóvember 2016

**Efni:** Umræðupunktur Sjafnar Vilhelmsdóttur fyrir fund með starfshóp Reykjavíkurborgar um þjónustukannanir borgarinnar, haldinn 25. október 2016

---

Þetta minnisblað er tekið saman að beiðni starfshóps Reykjavíkurborgar um þjónustukannanir borgarinnar. Um er að ræða minnis- og umræðupunkta Sjafnar fyrir fund hennar með starfshópnum þann 25. október 2016, sem taka á þáttum sem fram komu í tölvupósti formanns starfshópsins til Sjafnar (dags. 20.09.2016): Atriði nr. 1; liðir a-d .

### a) Minnisblað um ánægjumælingar/þjónustukannanir:

Sjá minnisblað Sjafnar til starfshópsins, dags. 25.10.2016. Í minnisblaðinu er farið yfir helstu álitamálin varðandi ánægjumælingar sem aðferð til að meta gæði þjónustu sveitarfélaga og framistöðu stofnana.

### b) Capacentkannanir/almennar mælingar vs. hverfamælingar + notendamælingar:

Almennu ánægjumælingarnar eins og eru notaðar í Capacent/Gallup þjónustukönnun sveitarfélaga eru gefa okkur upplýsingar sem endurspeglar oftast viðhorf íbúa en eiginlega mælingu á gæðum þjónustunnar. Eins og kemur fram í minnisblaðinu ( dags. 25.10.2016) þá verður alltaf að skoða niðurstöður slíkra ánægjumælinga í samhengi við þá þætti sem kunnu að hafa áhrif á mat íbúana. Það er meiri áskorun fyrir Reykjavíkurborg en minni sveitarfélög að vinna með svona ánægjumælingar vegna: stærðar; stærri og flóknari stjórnsýslu- og þjónustuveitu; meiri fjölbreytileika í íbúasamsetningu; fjölmíðla- og stjórn málaumræðu.

Niðurstöður Capacentkönnunarinnar/almennra ánægjumælinga hafa samt gildi í sjálfu sér og ættu alls ekki vera afskrifaðar – ánægja íbúa í svona könnunum er „good will“/„auðlind“ sem styður við stjórnun og rekstur borgarinnar. Fyrir sveitarfélög eru ánægðir íbúar, að öðru jöfnu, mun líklegri til að vinna með sveitarfélaginu á uppbyggilegan hátt en óánægðir.

Hverfamælingarnar eru nær því að vera notendamælingar en almennar mælingar, en notendamælingar sviðanna eru auðvitað áræðanlegustu upplýsingarnar um ánægju notenda með þjónustuna og til að nýta fyrir stefnumótun og ákvörðunartöku hjá viðkomandi þjónustuaðilum og þjónustueiningum. Hins vegar eru ákveðin atriði sem þarf að hafa í huga ef ákveðið er að framkvæmda eina almenna ánægjukönnun, sem jafvel væri hverfagreind og spurt væri um hvort viðkomandi hafa nýtt sér þjónustuna eða ekki:

- 1) Spurningarnar verða of opnar/almennar = óljósar niðurstöður út frá áður nefndum áhrifaþáttum;
- 2) Ekki verður hægt að vinna með niðurstöðurnar eftir tegund þjónustunnar og út frá bakgrunn svaranda = sbr. flókin þjónusta velferðarsviðs og mikil breidd í notendahópnum;
- 3) Spurning um tímasetningu á könnuninni, sbr. árstíðabundin þjónusta á umhverfis- og skipulagssviði;
- 4) Svona könnun myndi nýtast best fyrir þjónustu sem flestir borgarbúar nýta sér eða hafa góða þekkingu á, eða er ekki endilega hverfaskipulögð eða mjög árstíðabundin:

- a. Almenningsmæling; ástand gatna og sorphirða; og jafnvel skólar, en þar eru mælingar Skóla- og frístundasviðs það ítarlegar og góðar nú þegar að almenn (hverfagreind) könnun bætir þar litlu við.
- b. Menningarstarfsemi sem er ekki skipulögð út frá hverfum og hefur mjög almenna tilvísun; sem útskýrir af hverju Menningar- og ferðamálasvið er það svið sem hefur nýtt sér ánægjumælingar Capacent á markvissan hátt.

*Almennar ánægjumælingar eða notendakannanir, framkvæmdar einu sinni á ári með almennum spurningum og litlu úrtaki verða aldrei mjög hentugar fyrir stefnumótun og ákvörðunartöku um einstaka þætti í þjónustunnar - svona heilt yfir, þar sem Menningar – og ferðamálasvið er undantekningin. Það kom fram í máli Heiðrúnar að spurningar Menningar- og ferðamálasviðs gætu líka verið settar inn í spurningavagna hjá Gallup – þurfa ekki endilega að vera hluti af stærri könnun, en það er hins vegar ódýrara.*

*Sem fyrr myndu niðurstöðurnar gefa upplýsingar um „ímynd“ og „viðhorf“ og það er mikilvægt fyrir yfirstjórn og PR borgarinnar, sem og niðurstöðurnar geta verið nýttar í samtali milli fagsviðanna og fagráðanna um heildarsýn á þjónustu sviðanna og til að skoða þróunina („trend“) yfir lengri tíma. Og slíkar upplýsingar eru mikilvægar.*

### **c) Samanburður milli sveitarfélaga: Með hvaða hætti getur Reykjavíkurborg sett fram samburð við þjónustu annara sveitarfélaga?**

Þegar ég fór og hitti fulltrúa sviðanna í hópnum spurði ég þá bæði um: 1) hvernig svið þeirra hefðu nýtt/hagnýtt samanburðarupplýsingar úr fyrri Capacentkönnunum og; 2) hvernig myndu þau nýta niðurstöður úr ánægjumælingum (byggða á spurningalista Capacent/Gallup) sem væri greinanlegar eftir hverfum og hvort viðkomandi hafi nýtt sér þjónustuna.

Svörin voru á eina lund: Sviðin hafa ekki nýtt sér samanburðarupplýsingarnar, og myndu ekki heldur gera það ef mælingarnar væru greindar eftir hverfum og notendum (NB. Niðurstöður Capacent eru ekki greindar eftir notendum fyrir hin sveitarfélögin og því ekki samburðarhæf við slíka könnun). Staða Reykjavíkur er svo frábrugðin öðrum sveitarfélögum; stærð, umfang þjónustu og kostnaður allt annar en hjá minni sveitarfélögum. „Ekki samburðarhæft – en í besta falli áhugavert að bera sig saman við önnur sveitarfélög“.

*Ég er sammála þessu – samanburður á þjónustu Reykjavíkurborgar við önnur íslensk sveitarfélög verður allaf erfiður og þarf að vera gerður með fyrirvörum. Ef þið myndu nota „harða mælikvarða“ (fjárframlög og umfang þjónustunnar) – hvernig kæmi Reykjavík út þá? Síðan ef við spyrjum íbúana almennt um ánægju með þjónustuna þá hafa öll atriðin sem koma fram í minnisblaðinu áhrif á niðurstöðurnar.*

*En samanburður er mikilvægur til að skilja og átta sig á þróun mála (sbr. dæmið um veðurathuganir á Íslandi). Í staðinn fyrir að vera mjög upptekin af samanburði við önnur íslensk sveitarfélög (sem verður alltaf að gera með fyrirvörum – bæði hvað varðar harðar og mjúkar mælingar) þá væri hægt að leggja meira uppúr að nýta niðurstöður úr árlegum ánægjumælingum til að bera Reykjavík saman við Reykjavík; út frá hverfum og milli ára til að átta sig á þróuninni (svona eins og Menningar- og ferðamálasviðið gerir nú þegar).*

*Og hvað með samanburð við aðrar höfuðborgir hvað varðar ánægju/viðhorfsmælingar – hvernig eru hinar höfuðborgirnar/ eða stærri borgir á Norðurlöndunum að vinna með svona ánægjumælingar?*

*Horfa hér meira út á við en samanburð við önnur íslensk (miklu fámennari og minni) sveitarfélög. Þessi punktur er kannski meira fyrir yfirstjórn borgarinnar en sviðin til að skoða.*

**d) Þjónustukannanir, mælingar, kannanir og rannsóknir hjá Reykjavíkurborg:** Upphafspunkturinn er alltaf *hvert er markmiðið?* og *hver er tilgangurinn?* Út frá svörunum við þessum spurningum er mælingin ákveðin og frekari útfærsla: kannanir; almennar/hverfa; notendakönnun/strax að lokinni þjónustu/ panelar/citizen panelar; rýnihópar til að skoða nánar niðurstöður úr spurningakönnunum o.s.frv.

Þegar þær kannanir og aðrar mælingar sem borgin stendur fyrir eða tekur þátt eru skoðaðar þarf að greina þær eftir eftirfarandi þáttum:

1. Greina á milli mælinga á: viðhorfum til / þekking á / notkun á / ánægja með þjónustu.
2. Mælingar sem miðast við að kortleggja þjónustu, nýtingu eða venjur (t.d. nýting á svæðum eða ferðavenjur) vs. beinar ánægjumælingar/gæðamælingar á þjónustu.
3. Mælingar á þjónustu almenns eðlis (universal serivce) vs. sértækari þjónustu (skólar, leikskólar, fatlaðir, eldri borgarar, félagsþjónusta).
4. Mælingar á þjónustu sem íbúar nota vs. þjónusta sem fyrirtæki/stofnanir nýta sér/nýta sér meira (td. heilbrigðisfulltrúi, byggingafulltrúi, skipulagsfulltrúi).
5. Mælingar á þjónustu skipulögð á hverfagrundvelli vs. á þjónustu skipulögð á borgargrundvelli.
6. Mælingar á þjónustu sem er veitt allt/mest allt árið vs. mjög árstíðabundin þjónusta.
7. Mælingar á notkun á og ánægju með þjónustu vs. kannanir/rannsóknir um stöðu og líðan hópsins sem nýtir sér þjónustuna (sbr. líðan skólabarna, eldri borgara í þjónustumiðstöðum).
8. Mælingar á þjónustu sem íbúar nota vs. þjónusta sem gestir/ferðamenn nota.

*Ein stór könnun sem getur aldrei náð yfir þetta allt, en örugglega hægt að sameina/samkeyra eitthvað af þessu og samræma mælingar (sbr. svargildi og kvarða) fyrir samanburð.*

*Upplýsingarnar sem koma nú þegar fram í mælingum hinna ýmsu sviða eru dýrmætar fyrir borgina og geta verið nýttar á margvíslegan hátt, t.d nota í kynningar- og PR málum. Mikilvægt að halda vel utan um þessi gögn og að einhver aðili hafi yfirsýn yfir allt sem er verið að mæla, þarf að mæla og hvar tækifæri liggja í samlegð við upplýsingaöflun og miðlun hjá sviðum borgarinnar. Gögnin eru dýrmæt /auðlind! Gæti skrifstofa Tölfræði og greiningar tekið að sér þetta hlutverk?*

## Spurningalisti 2016

### Í hvaða hverfi Reykjavíkur býrð þú?

- Árbær** (Bæir, Hálsar, Selás og Norðlingaholt)
- Breiðholt** (Fell, Berg, Hólar, Bakkar, Stekkir og Sel)
- Grafarholt/Úlfarsárdalur** (Baugar, Brautir, Geislar, Stígur og Brunnar)
- Grafarvogur** (Bryggjuhverfi, Hamrar, Foldir, Hús, Flatir, Rimar, Engi, Borgir, Víkur, Staðir og Leynar)
- Háaleiti og Bústaðir** (Háaleiti, Múlar, Kringla, Gerði og Fossvogur)
- Hlíðar** (Hlíðar, Holt, Norðurmýri og Hlemmur)
- Kjalarnes**
- Laugardalur** (Tún, Teigar, Lækir, Sund, Heimar, Fen, Langholt, Laugarnes og Skeifa)
- Miðborg** (Miðbær og Austurbær)
- Vesturbær** (Grandar, Skjól, Hagar, Melar, Skerjafjörður og gamli Vesturbær)
  
- Bý í Reykjavík en ekki í neinu ofantalinna hverfa SKRÁ HVERFI
- Bý ekki í Reykjavík [HÆTTA]

### Menningar- og ferðamálasvið

#### Hverjar af eftirtöldum menningarstofnunum Reykjavíkurborgar hefur þú heimsótt á síðustu 2 árum?

- Árbæjarsafn – Borgarsögusafn
- Borgarbókasafn Reykjavíkur - menningarhús (Grófinni- aðalsafn, Sólheimum, Kringlunni, Árbænum, Gerðubergi, Spönginni eða bókabíl)
- Landnámssýninguna í Aðalstræti - Borgarsögusafn
- Listasafn Reykjavíkur - Ásmundarsafn
- Listasafn Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum
- Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi
- Ljósmyndasafn Reykjavíkur - Borgarsögusafn
- Sjóminjasafnið í Reykjavík - Borgarsögusafn
- Viðey - Borgarsögusafn
- Enga af ofantöldum menningarstofnunum
- Veit ekki/Vil ekki svara

#### Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu neðangreindra menningarstofnana

##### Reykjavíkurborgar:

- Árbæjarsafn – Borgarsögusafn
- Borgarbókasafn Reykjavíkur – menningarhús (Grófinni - aðalsafn, Sólheimum, Kringlunni, Árbænum, Gerðubergi, Spönginni eða bókabíl)
- Landnámssýningin í Aðalstræti - Borgarsögusafn
- Listasafn Reykjavíkur - Ásmundarsafni
- Listasafn Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum
- Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi
- Ljósmyndasafn Reykjavíkur - Borgarsögusafn
- Sjóminjasafnið í Reykjavík - Borgarsögusafn
- Viðey - Borgarsögusafn
- Engrar af ofantöldum menningarstofnunum
- Veit ekki/Vil ekki svara

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)

- Hvorki né
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Treysti mér ekki til að meta
- Veit ekki/Vil ekki svara

**Hvað af eftirfarandi á best við um vitneskju þína um að Reykjavík sé ein af Bókmenntaborgum UNESCO?**

- Ég vissi að Reykjavík væri ein af Bókmenntaborgum UNESCO og þekki vel hvað felst í því
- Ég vissi að Reykjavík væri ein af Bókmenntaborgum UNESCO og þekki lítillega hvað felst í því
- Ég vissi að Reykjavík væri ein af Bókmenntaborgum UNESCO en þekki ekkert hvað felst í því
- Ég vissi ekki að Reykjavík væri ein af Bókmenntaborgum UNESCO
- Veit ekki/Vil ekki svara

**Átt þú Menningarkort Reykjavíkur – árskort sem veitir aðgang að öllum söfnum Reykjavíkurborgar, viðburðum, bókasafnskirteini og afslátt hjá fjölmörgum samstarfsaðilum?**

- Já
- Nei
- Veit ekki/Vil ekki svara

**Umhverfis – og skipulagssvið**

Hversu ánægður eða óánægður ertu með hirðu úrgangs við heimili þitt?

Hversu ánægður eða óánægður ertu með þjónustu við flokkun og skil endurvinnslufna á grenndar- og endurvinnslustöðvum?

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þau opnu svæði í Reykjavík sem þú heimsækir (svo sem garða og leiksvæði)?

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með hreinsun/tæmingu á ruslastömpum í þínu hverfi?

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með grasslátt/snjómokstur/hreinsun á lausu rusli í þínu hverfi? (3 spurningar)

Með hvaða hætti fór barnið þitt/börnin þín í grunnskólann síðast þegar það/þau sóttu skóla?

Með hvaða hætti ferðast þú að jafnaði til vinnu eða skóla á morgnana?

Hefur þú heimsótt neðangreind útivistarsvæði Reykjavíkurborgar á sl. 12 mánuðum?

- Laugardalur
- Tjörnín
- Elliðaárdalur
- Nauthólsvík
- Heiðmörk
- Öskjuhlíð
- Klambratún
- Fossvogsdalur
- Elliðavatn
- Rauðavatn
- Vatnsmýri
- Rauðhólar
- Viðey
- Annað útivistarsvæði Reykjavíkurborgar
- Ég hef ekki heimsótt neitt ofangreindra útivistarsvæða

Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum/sumargötum í miðborg Reykjavíkur á sumrin?

**Velferðarsvið**

Hefur þú nýtt þér heimaþjónustu síðastliðna 12 mánuði?



Hefur þú nýtt þér félagslega ráðgjöf síðastliðna 12 mánuði?  
Hefur þú nýtt þér skólaþjónustu síðastliðna 12 mánuði?  
Hefur þú nýtt þér akstursþjónustu aldraðra síðastliðna 12 mánuði?  
Hefur þú nýtt þér ferðaþjónustu fatlaðra síðastliðna 12 mánuði?  
Hefur þú nýtt þér þjónustu/úrræði fyrir barn síðastliðna 12 mánuði?  
Hefur þú nýtt þér þjónustu varðandi húsnæðismál síðastliðna 12 mánuði?  
Hefur þú nýtt þér þjónustu varðandi félags og/eða tómstundaiðkun barna síðastliðna 12 mánuði?

Ef já:

Hvernig nýttist þér þjónustan ? 5 kvarða sp: mjög vel – mjög illa

Hvernig líkaði þér þjónustan ? 5 kvarða sp: mjög vel – mjög illa

### **Skóla- og frístundasvið**

Átt þú barn í grunnskóla/leikskóla/frístundaheimili í Reykjavík?

Ef já:

Hvernig líður barninu í grunnskóla/leikskóla/frístundaheimili?

Hvernig eru samskipti kennara og starfsfólks við barnið? (5 kvarða sp: mjög góð – mjög slæm)

### **Íþrótt- og tómstundasvið**

Hversu ánægður ertu með aðstöðu til íþróttaiðkunar í þínu hverfi? (5 kvarða sp: mjög ánægður – mjög óánægður)

Nýtir þú sundlaug í þínu hverfi?

Ef já:

Hversu ánægður ertu með sundlaugina í þínu hverfi? (5 kvarða sp: mjög ánægður – mjög óánægður)

Ef nei – nýtir þú aðrar sundlaugar-innan Reykjavíkur-utan Reykjavíkur?

Hversu ánægður ertu með þjónustu Fjölskyldu- og húsdryagarðsins? (5 kvarða sp: mjög ánægður – mjög óánægður)

### **Skrifstofa þjónustu og reksturs**

sp1) {Svarendur: Allir – Fjölsvar}

**Vinsamlega merktu við hvað af eftirfarandi þú hefur gert eða nýtt þér á sl. 12 mánuðum. Merktu við allt sem við á.**

- Hringt í þjónustunúmer Reykjavíkurborgar í síma 4-11-11-11
- Farið í þjónustuver Reykjavíkurborgar í Borgartúni
- Notað Rafræna Reykjavík
- Nýtt þér vefsíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)
- Nýtt þér aðrar vefsíður á vegum Reykjavíkurborgar eða stofnana hennar
- Veit ekki/ Vil ekki svara

Nú verður þú spurð(ur) nokkurra spurninga um reynslu þína af þjónustunúmerinu 4-11-11-11.

sp2) {Svarendur: Þeir sem hafa hringt í þjónustunúmer – eitt svar}

**Hversu stuttur eða langur var biðtími eftir símsvörun í þjónustunúmerið 4-11-11-11?**

- Mjög stuttur
- Frekar stuttur
- Hvorki stuttur né langur
- Frekar langur
- Mjög langur
- Veit ekki/ Vil ekki svara

sp3) {Svarendur: Þeir sem hafa hringt í þjónustunúmer – eitt svar}

**Hversu vel eða illa finnst þér að leyst hafi verið úr erindi eða erindum þínum í þjónustunúmerinu 4-11-11-11?**

- Mjög vel
- Frekar vel
- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög illa
- Veit ekki/Vil ekki svara

Næst verður þú spurð(ur) um reynslu þína af þjónustuverinu í Borgartúni.

sp4) {Svarendur: Þeir sem hafa farið í þjónustuver – eitt svar}

**Hversu vel eða illa finnst þér starfsfólk þjónustuversins í Borgartúni hafa leyst úr erindi þínu eða erindum þínum?**

- Mjög vel
- Frekar vel
- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög illa
- Veit ekki/ Vil ekki svara

Næst verður þú spurð(ur) um reynslu þína af Rafrænni Reykjavík

sp5) {Svarendur: Ef notar Rafræna Reykjavík – eitt svar}

**Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með Rafræna Reykjavík?**

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Veit ekki/Vil ekki svara

### **Upplýsinga- og vefdeild**

sp1) {Svarendur: Ef nýtt sér reykjavik.is – eitt svar}

**Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með vefsíðu borgarinnar, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)?**

- Mjög ánægð(ur)
- Frekar ánægð(ur)
- Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)
- Frekar óánægð(ur)
- Mjög óánægð(ur)
- Veit ekki/Vil ekki svara

### **Borgarskjalasafn**

sp2) {Svarendur: Allir – eitt svar}

**Veist þú hvaða þjónustu Borgarskjalasafn veitir?**

- Já
- Nei
- Veit ekki/ Vil ekki svara

sp3) {Svarendur: Ef já– eitt svar} Þróun

**Hvaða þjónustu?**

- Opið. Skrá svar
- Veit ekki/ Vil ekki svara

**Greiningarspurningar um aldur, kyn, tekjur, þjóðernisuppruna.**

## Samanburður á niðurstöðum sveitarfélagakönnunar Capacent og kannana SFS

Töluverður munur er á niðurstöðum Capacent fyrir sveitarfélög um þjónustu leik- og grunnskóla og á niðurstöðum viðhorfskannana sem lagðar eru fyrir foreldra sérstaklega, bæði könnunum SFS og á vegum Skólapúlsins sem hefur lagt fyrir foreldra grunnskólabarna og grunnskólabörn í 6.-10.bekk.

Fyrst má benda á að mikill munur er á afstöðu svarenda í Capacent könnuninni eftir því hvort þeir eiga barn sem nýtir þjónustuna eða ekki, skv. töflunni hér fyrir neðan. Samt sem áður munar töluverðu og á niðurstöðum kannana SFS. Mögulegar ástæður eru raktar fyrir neðan töfluna.

	Capacent 2015		Viðhorfskannanir SFS 2013-2014
Ánægja	Heildarniðurstaða	Eiga börn í þjónustu	Eiga börn í þjónustu
Leikskólar	58%	76%	93%
Grunnskólar	51%	67%	89%*

\*Fjórskiptur kvarði sbr. við fimmskiptan kvarða í öllum öðrum könnunum. Framkvæmt á vegum Skólapúlsins.

Í grunninn mætti skoða tvö atriði sem hafa ber í huga við ígrundun niðurstaðna.

### Munur á orðalagi og samhengi spurninga:

Í könnunum skóla- og frístundasviðs fyrir leik- og grunnskóla er spurt eftirfarandi spurningar: **Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með leikskólann/ grunnskólann sem barnið þitt er í?** Niðurstöður fyrir grunnskólana hafa verið á bilinu 80-89% ánægja mörg undanfarin ár og fyrir leikskólana er hlutfall ánægðra foreldra ætíð á bilinu 93-95%.

Í könnun Capacent er spurt eftirfarandi spurningar: **Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu leikskóla/grunnskóla Reykjavíkur?** Slík spurning er mun almennari en sú sem foreldrar eru spurðir að í viðhorfskönnunum foreldra á SFS – hún getur auk persónulegrar reynslu af tilteknum skóla, haft skírskotun til kerfisins í heild, stefnu, innritunar/innheimtumála og svo framvegis. Það er gott og gilt að fá niðurstöðu úr slíkri spurningu en þetta er allt önnur spurning en sú sem SFS leggur fyrir. Í mörgum þeirra sveitarfélaga sem taka þátt í Capacent könnuninni er um fáa skóla að ræða í sveitarfélaginu og líklegra en í Reykjavík að svarendur séu að svara með persónulega reynslu þar í huga.

Í viðhorfskönnun foreldra SFS eru foreldrar leiddir í gegnum fjölmargar spurningar sem snerta skólalastarfið, nám/kennslu, umhverfi og líðan barna þeirra og því ætti mat þeirra á ánægju með skólann að vera nokkuð ígrundað í samanburði við svör við einni spurningu í hópi fjölmargra spurninga um að sumu leyti ótengt efni eins og í sveitarfélagakönnuninni.

**Munur á fjölda svarenda :** Fjöldi reykvískra svarenda hjá Capacent er 984 og þar af áttu 156 barn á leikskólaaldri og 177 barn á grunnskólaaldri sem niðurstöður um ánægju með þjónustu byggja á.

Í nýjstu könnun Skólapúlsins fyrir grunnskóla í Reykjavík svöruðu 2.519 foreldrar grunnskólabarna og í síðustu könnun skóla- og frístundasviðs fyrir leikskóla svöruðu 3.427 foreldrar leikskólabarna. Mikill stöðugleiki er í niðurstöðum þessara kannana og virðist ekki skipta máli hvort þær eru framkvæmdar af skóla- og frístundasviði eða óháðum aðila eins og tilraun var gerð með í Skólapúlsinum 2013.